

Héraðsnefndarfundur 28. apríl 2023

Inngangur

Vetrarstarfið 2022 – 2023 hefur gengið vel og tónleikahald í blóma eins og sjá má á samantektinni hér á eftir. Nemendur skólans hafa komið fram á fjölmörgum tónleikum, öðrum viðburðum og æfingabúðum bæði innan skólans og utan – og jafnvel utan landssteinanna.

Kennarar skólans sóttu í haust glæsilega tveggja daga tónlistarkennararáðstefnu í Hörpu, en yfirskrift hennar var TÓNLIST ER FYRIR ALLA. Tónlistarskólakennarar af öllu landinu sóttu ráðstefnuna sem var mjög eflandi fyrir kennarahópinn í upphafi vetrar.

Skipt var um nemendaskráningarkerfi í haust. SchoolArchive sem Sveinn Eyþórsson hefur hannað og þróað í yfir 20 ár var selt SpeedAdmin, dönsku fyrirtæki sem hefur þjónustað tónlistarskóla á Norðurlöngunum og víðar í fjölda ára. Sveinn hefur unnið með SpeedAdmin að þróun og aðlögun, en tónlistarskólastjórnendur hafa setið fjölda námskeiða um kerfið í vetur.

Það var ánægjuleg byrjun á nýju ári, þegar tilkynnt var að Tónlistarskóli Árnésinga hefði hlotið Menntaverðlaun Suðurlands 2022. Skólastjórnendur tóku við viðurkenningunni úr hendi forseta Íslands þann 12. janúar 2023, á hátíðarfundi Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands sem fram fór í sal Fjölbautaskóla Suðurlands. Þessi verðlaun eru þýðingarmikil fyrir allt starfsfólk skólans sem alla daga leggur mikla alúð og metnað í að miðla til nemenda sinna leyndardómum tónlistar og tónlistariðkunar. Með þeirri viðurkenningu sem í verðlaununum felst, höldum við ótrauð áfram okkar starfi. [Tónlistarskóli Árnésinga hlýtur Menntaverðlaun Suðurlands 2022 — Tónlistarskóli Árnésinga \(tonar.is\)](#)
[Tónlistarskóli Árnésinga hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2022 | sunnlenska.is](#)

Tónleikahald

Tónleikahald hefur verið með miklum blóma í vetur. Það eina sem út af bar voru tónleikar sem vera áttu laugard. 11. febrúar, en þá brast á með miklu roki, gulum veðurviðvörðunum og hálfu á vegum. Við vorum því nauðbeygð til að aflýsa þeim tónleikum. - Hér á eftir verður tæpt á helstu viðburðum.

Strengjamót var haldið á Selfossi 7. – 8. október, en mótið sóttu um 250 strengjanemendur alls staðar að af landinu. Gríðarleg vítamínsprauta fyrir nemendur sem tóku þátt, en

undirbúningur og skipulag, hljómsveitastjórnun og kynningar voru að mestu í höndum kennara Tónlistarskóla Árnesinga.

Nokkrir nemendur tóku þátt í **Október-meningarmánuði í Árborg**

Deildatónleikar allra hljóðfæradeilda fóru fram í byrjun nóvember með fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá, sem saman stóð að mestu af ýmiskonar leik samspila og hljómsveita.

Lög Gunnars Þórðarsonar hljómuðu laugardaginn 19. nóvember, þegar Tónlistarskóli Árnesinga stóð fyrir stórtónleikum í íþróttahúsinu Laugarvatni. Um 130 nemendur og kennarar tóku þátt í viðburðinum, en áheyrendur voru um 300 talsins. Það gladdi okkur mjög að Gunnar mætti sjálfur á tónleikana.

Hausttónleikar og Suzuki-útskriftartónleikar voru með hefðbundnu sniði um alla Árnessýslu, en þar koma fram allir nemendur skólans, yfirleitt hver í sinni heimasveit.

Nokkrir nemendur léku með **Sinfóníuhljómsveit Suðurlands** á **jólatónleikum** 10. desember. Auk nemendanna komu fjölmargir kennara að verki, því hljómsveitarstjórinn, kórstjórnarnir og helmingur hljómsveitarmeðlima eru kennarar við TÁ.

Tveir strengjanemendur tóku þátt í **jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Hörpu í desember.

Mið- og framhaldsdeildatónleikar fóru fram í mars í Selfosskirkju.

Suzuki-gítarsveit tók þátt í **hátíðartónleikum Nótunnar** í Hörpu í mars. Á tónleikunum komu fram nemendur frá öllu landinu, en dagskráin var um leið helguð 20 ára afmæli Nótunnar.

Framhaldsprófstónleikar í fiðluleik verða haldnir mánud. 15. maí kl. 18:00 í

Hveragerðiskirkju, en Hildur Tanja Karlsdóttir, lýkur námi við skólann í vor.

Framundan eru **vortónleikar** kennara og **skólaslit** með hefðbundnum hætti á öllum kennslustöðum.

[Aðrir viðburðir og verkefni](#)

Hljóðfærakynningar í grunnskólum fóru fram með hefðbundnu sniði á vorönn með fimm heimsóknum í alla 2. bekki í Árnessýslu.

Suzukinemendur tóku þátt í **upprifjunardögum** á ýmsum tímum í vetur.

Nemendur og kennarar skólans komu víða fram í tilefni **menningarmánaðar í Árborg**, s.s. í Eyrarbyggðakirkju, Mathöllinni Selfossi, Selfosskirkju, Sviðinu í miðbæ Selfoss, bókasafninu og í Barnaskólanum á Stokkseyri.

Jólaball Suzukideildar var haldið í Sunnulækjarskóla í desember með tilheyrandi tónlistarflutningi, göngu í kringum jólatré og söng.

Jólaspilamennsku út í bæ í desember, var aftur ýtt úr vör eftir covidhlé. Komu nemendur víða fram úti í samfélaginu, með ljúfa tóna s.s. á hjúkrunarheimilum, grunnskólum, leikskólum, fundum, verslunum og víðar.

Jólakveðja tónlistarskólans er orðin árlegur viðburður, en það var söngdeild sem færði Árnesingum jólakveðjuna að þessu sinni. [Jólakveðja Tónlistarskóla Árnesinga 2022](#)

Námskeið Odd André – Barnadjass var haldið í janúar og aftur í apríl, fyrir nemendur og kennara skólans.

Nokkrir nemendur léku á **upplestrarkeppnum grunnskólanna** í mars.

Fjórir nemendur og tveir kennarar sóttu **Suzuki-mót í Royal Albert Hall**, þar sem um 1.300 nemendur léku saman um 1,5 klst. langa dagskrá. Ótrúleg upplifun og mikið ævintýri fyrir þátttakendur.

Nýjungar

Smiðjuvika. Í síðustu viku marsmánaðar var allt skólastarf stokkað upp. Hefðbundin kennsla var felld niður, en í hennar stað var öllum nemendum boðið að taka þátt í smiðjum/námskeiðum. Smiðjur voru í boði á öllum kennslustöðum, en smiðja á hverjum stað fór eftir stærð kennslustaðar. Boðið var t.d. upp á rytmískar smiðjur, sambabönd, söng af ýmsu tagi, gítarpartý, ukulele, Suzukihljómsveit, að olíubera blokkflautur, hljóðsetja kvikmynd, læra um langspil, blús, spuna, orgel og horfa á tónlistarkvikmynd.

Rekstur skólans - Kjarasamningar

Rekstur skólans var í góðu jafnvægi árið 2022 sem sjá má í ársreikningi. Kjarasamningar tónlistarskólakennara við samninganefnd sveitarfélaga runnu út 31. mars 2023.

28. apríl 2023
Helga Sighvatsdóttir
skólastjóri